


AUGLÝSING

um friðland í Flatey.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð á fundi sínum 21. febrúar 1975 ákveðið að friðlýsa austurhluta Flateyjar á Breiðafirði ásamt nálægum hölmum.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Friðlandið nær yfir Flatey, austan línu er hugsast dregin þvert yfir Mjósund á austanverðri eyinni, svo og eftirtaldar eyjar er liggja suður af austanverðri Flatey: Akurey, Langey, Geirshólma, Hádegishólma, Grasflögur og Kerlingarhólma.



Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Öll umferð er óheimil á tímabilinu 15. apríl til 15. ágúst nema með leyfi ábúenda í umboði Náttúruverndarráðs.
2. Bannað er að raska gróðri og trufla dýralíf á svæði þessu, bæði á landi og í fjöru. Þó skal ábúendum heimilt að nytja það æðarvarp, grasnytjar og önnur hefðbundin hlunnindi svo sem verið hefur. Ábúendum er og heimilt að gera þær ráðstafanir er heimilar eru í lögum til eflingar æðarvarpi, svo sem að bægja frá vargi.
3. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi og í sjó innan svæðisins er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
4. Ábúendur annast vörslu svæðisins í umboði Náttúruverndarráðs.
Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.
Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. september 1975.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.

Nr. 396.

4. september 1975.

SAMÞYKKT**um gatnagerðargjöld í Stykkishólmi.****1. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi bæjarins eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.0%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%